



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 8. júní 2021
VEL2021060009
SFS2019090155

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga um verkefnisstjórn undirbúnings aðgerða vegna nýrrar löggjafar um farsæld barna

Á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs þann 8. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir (Ísak):

Lagt er til að verkefnisstjórn verði sett á laggirnar sem undirbúi Reykjavíkurborg fyrir nýja löggjöf um farsæld barna. Formaður verkefnisstjórnar verði skipaður til ársloka 2022. Formaður verkefnisstjórnar verði jafnframt faglegur leiðtogi skólaþjónustu þjónustumiðstöðva eins og hún er í núverandi mynd og heyrir undir skrifstofustjóra á velferðarsviði en verður staðsettur á skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Í verkefnisstjórn eiga sæti fulltrúar frá skóla- og frístundasviði og velferðarsviði. Hópurinn skilar áfangaskýrslum til sviðsstjóra beggja sviða og vinnur þétt með þeim að þeim breytingum sem þurfa að eiga sér stað í tengslum við nýja löggjöf.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Tillagan var samþykkt.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn leggur til að verkefnisstjórn verði sett á laggirnar sem undirbúi Reykjavíkurborg fyrir nýja löggjöf um farsæld barna. Fulltrúi Flokks fólksins vill minna á að þetta frumvarp er bara frumvarp sem ekkert er víst að verði að lögum. Finna þarf fjármagn í það sem ekki er enn séð hvar ríkisstjórnin ætlar að taka ef marka má umræður t.d. úr fréttum. Hafa skal í huga að ekki fannst nægt fjármagn hjá þessari ríkisstjórn til að niðurgreiða sálfræðiþjónustu til framtíðar jafnvel þótt allir væru sammála um að gera það Reykjavíkurborg verður að taka ábyrgð á sínum börnum, grunnskólabörnum sem eru alfarið sveitarfélagsins að sinna. Ef engir biðlistar væru, þá myndi vandi barna ekki ná að

vefja upp á sig. Það að bíða lengi eftir nauðsynlegri aðstoð, með eða án greiningu gerir það að verkum að vandinn verður sífellt stærri. Fulltrúi Flokks fólksins vill spyrja að leikslokum og sjá þetta Farsældarfrumvarp verði fyrst að veruleika áður en hlaupið er upp til handa og fóta og halda að mikið sé að gerast ríkisins megin. Meira fjármagn þarf til málaflokksins, ráða fagaðila og bretta upp ermar. Best væri ef sá hluti sem snýr að velferð grunnskólabarna heyri undir skóla- og frístundaráð eins og fulltrúi Flokks fólksins hefur lagt til.

Samþykktin er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs



Helgi Grímsson
sviðsstóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuþarfir (Ísak) um verkefnisstjórn undirbúnings aðgerða vegna nýrrar löggjafar um farsæld barna, ásamt fylgigögnum.